

**50. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Fimmtudaginn 5. febrúar 2026, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Sigurdís Samúelsdóttir og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

1. Úrgangsmál í Súðavíkurbreppi - 2511009

Lögð fram gjaldskrá og samþykkt um sorphirðu í Súðavíkurbreppi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skv. lögum á gjaldtaka að standa undir kostnaði við sorphirðu og sorpförgun. Núverandi gjaldskrá þarf að hækka verulega til að svo megi verða.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gjaldskráin verði hækkuð um 20% að þessu sinni. Þrátt fyrir þessa hækkun mun málaflokkurinn ekki standa undir sér.

Samþykkt

Garðar mætti til fundar undir þessum lið.

2. Lausar lóðir í Súðavík 2024 - 2405002

Umræða um lausar lóðir í sveitarfélaginu.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í breytingu á deiliskipulagi við Holtagötu, Grundarstræti og lóð við Eyrardal.

Samþykkt

Garðar Sigurgeirsson vókur af fundi.

3. Strengleið, Skutulsfjörður - Álftafjörður - 2506003

Tekin fyrir lagnaleið fyrir 33 kV jarðstreng milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Strengurinn endar í tengivirki á Langeyri. Teikningar eru frá Eflu, dags. 18.12.2025.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir framkvæmdaraðila á að strengurinn liggur mun neðar í hlíðinni en rætt hefur verið um á fyrri stigum. Nefndin óskar eftir ástæðu þess að þessi strengleið var valin.

Nefndin leggur áherslu á að strengleiðin verði ofan við Ljósaland, ofan Raggagarðs.

Samþykkt

4. Reisa umsjónarmannahús - 2601002

Tekin fyrir fyrirspur frá Raggagarði dags. 14. janúar sl. þar sem spurst er fyrir um hvort heimilt verði að byggja umsjónarmannahúsí Raggagarði. Húsið væri um 20-25 fermetrar.

AR

SS

1
7134

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða er ekki heimilt að byggja nýtt hús á hættusvæði C fyrir íbúð eða fjölgun starfsmanna. Nefndin hafnar því erindinu.

Hafnað

5. Upplýsingar um tekjur af nýtingu lands innan þjóðlendna fyrir árið 2025 - 2601004

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Reginu Sigurðardóttur fyrir hönd forsætisráðuneytisins, dags 19.01.2026 þar sem óskað er eftir upplýsingum um tekjur sveitarfélagsins fyrir ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlenda og hvernig tekjum hefur verið ráðstafað.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

Samþykkt

6. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Tekinn fyrir erindi frá Gunnari Páli Eydal dags. 30.01.2026 fyrir hönd Melrakki gisting ehf. þar sem óskað er eftir að gera óverulega deiliskipulagsbreytingu á skipulaginu - Eyrardalur 7. Breytingin felur í sér að sameina tvo byggingarreiti í einn, byggingarmagn og aðrir skipulagsskilmálar haldst óbreyttir.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að í 43. grein skipulagslaga, 3. mgr. segir "Við útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ og innsýn".

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að farið verði eftir 3. mgr. 43. greinar enda hefur breytingin engin áhrif á nágranna.

Samþykkt

8. Holtagata 15, umsókn um lóð - 2602002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Zbigniew Klimza dags. 5. febrúar 2026 þar sem sótt er um lóðina Holtagata 15.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að Zbigniew Jerzy Klimza fái lóðina við Holtagötu 15 úthlutað með þeim reglum sem í gildi eru.

Samþykkt

9. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekið fyrir minnisblað sveitarstjóra er varðar aðkomu að nýrri höfn við Langeyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að rætt verði við lóðarhafa við Langeyrraveg 2 og 4 um breytingu á aðkomu að hafnarsvæðinu þannig að ekki þurfi að færa grjóttgarð.

Samþykkt

9. Staðsetning vinnubúða á Langeyr - 2602003

V.S. ACR HLG BA

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 21. janúar 2026 frá Zábrázki Éva fyrir hönd Lakógép þar sem sótt er um svæði á Langeyri undir 20 gáma eða alls um 400 fermetra undir vinnuaðstöðu.


Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi fyrir 20 gáma við Langeyrarveg 15.

Fundi slitið kl. 19:45.


Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Valgeir Scott


Bragi Þór Thoroddsen


Sigurdís Samúelsdóttir


Jóhann Birkir Helgason

